

Verðtilfærslusjóður SAM 2019

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2019 og 2018:

| | 2019 | % | 2018 | % |
|---------------------------------------|-------------|-------|-------------|-------|
| Inngreiðslur: | | | | |
| Innheimt verðtilfærsla | 278.165.178 | 100,0 | 270.968.796 | 100,0 |
| Samtals til ráðstöfunar | 278.165.178 | 100,0 | 270.968.796 | 100,0 |
| Útgreiðslur: | | | | |
| Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva | 143.053.499 | 51,4 | 153.145.577 | 56,5 |
| Niðurgreiðsla iðnaðardufts | 88.397.148 | 31,8 | 90.807.240 | 33,5 |
| Annað | 4.172.478 | 1,5 | 4.064.533 | 1,5 |
| Samtals ráðstafað | 235.623.125 | 84,7 | 248.017.350 | 91,5 |
| Innheimt umfram útgreiðslur | 42.542.053 | 15,3 | 22.951.350 | 8,5 |
| Afgangur færður til næsta árs | 67.771.987 | 24,4 | 25.229.934 | 0,8 |

Velta verðtilfærslusjóðs SAM hækkaði frá árinu 2018 til ársins 2019. Breytingin var vegna breytinga í sölu á einstökum vörum, einkum rjóma, fitulitlu viðbiti og mögrum ostum. Árið 2019 voru tekjur sjóðsins 42 milljónum króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2019 voru 67,7 milljónir króna.